



Kvennaskólinn í Reykjavík
Lokaskýrsla til Sprotasjóðs vegna verkefnisins
Bætt líðan og samskipti í framhaldsskólum
skólárið 2018-2019



Markmið verkefnis samkvæmt umsókn:

Að bæta líðan nemenda; meðal annars með því að styðja þá á einstaklingsvísu, vinna með bekkjaanda og samskipti innan bekkja og námshópa, leggja áherslu á jákvæð og heilbrigð samskipti. Algengi eineltis og kynferðisleg áreitni er meira skv. niðurstöðum í Skólapúlsins en við höfðum átt von á.

Kvíði er algengur meðal nemenda í framhaldsskólum. Svo rammt getur kveðið að honum að veikindin geta komið í veg fyrir að nemandi ljúki framhaldsskóla eða seinki námi verulega.

Bætt líðan nemenda ætti að vera forgangsmati í hverjum skóla. Fram að þessu hefur ekki verið unnt að verja nægilegum fjármunum til stoðþjónustu við nemendur á framhaldsskólastigi; en stöðuhlutfall námsráðgjafa mætti víðast hvar hækka og aðeins fáir skólar hafa haft bolmagn til að bjóða upp á t.d. sálfræðiþjónustu. Með hugmyndafræði þeirri sem verkefnið mun fela í sér ættu skólabragur, samskipti og almenn líðan að styrkjast.

Verkefnið „uppeldi til ábyrgðar“/uppbyggingarstefna (e. restitution) hefur hingað til verið viðfangsefni í leik- og grunnskólum. Við teljum að það eigi fullt erindi við nemendur framhaldsskóla, sem flestir eru undir 18 ára aldri. Raddir nemenda (Students Voices) hefur verið eitt af viðfangefnum Erarsmus-áætluninnar hjá Evrópusambandinu. Kvennaskólinn hefur tekið þátt í einu slíku.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Húsping á haustönn og vorönn og kennarafundir. Unnið með hugmyndafræði „uppeldis til ábyrgðar“ og verkefnið kynnt í því skyni að um innleiðingu verði að ræða. Sérstakur rýnihópur með verkefnisstjóra stofnaður. Afrakstur kynntur á vinnudögum á vorönn 2019. *Sjá meðfylgjandi glærur.*

Frávik miðað við áætlun verkefnis. Engin sérstök.

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnis. Lítil tími sem unnt er að ráðstafa til fræðslu og funda.

Helstu ávinningur af vinnu vöð verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjörfar eða samhliða verkefnisvinnu.

Góðar umræður innan skólans. Sterkari meðvitund um nauðsyn þess að styrkja aga, sjálfvitund og sjálfsmýnd bæði nemenda og kennara. Aukinn áhugi skólasamfélagsins. *Sjá meðfylgjandi glærur.*

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn. Hefur gengið mjög vel og innleiðingin er þegar hafin að hluta. Áætlun hefur verið gerð um frekari fræðslu og almenna innleiðingu. Verkefnisstjóri hefur verið skipaður og verður haldið áfram með verkefnið á næsta skólaári. *Sjá meðfylgjandi glærur.*

Niðurstöður verkefnisins. Við teljum að markmið hafi náðst að hluta og muni nást og okkur muni takast að fækka þeim nemendum sem líður illa, hvort sem það er vegna kvíða, þunglyndis, eineltis eða öðru og



minnka þá um leið skaðlega hegðun sem getur verið sjálfskaði, vímuefnanotkun eða jafnvel sem ofbeldi/áreitni, leggja í einelti og óhlýðni almennt. Markvisst verður haldið áfram með verkefnið á næsta skólaári og hefur þegar verið gert skipulag þar um.

Meginniðurstaðan er sú að starfsmenn skólans eru orðnir meðvitaðri um nauðsyn þess að leggja alúð við líðan nemenda, jákvæðan aga, góðan bekkjaanda, eflingu sjálfsaga og sterkan skólabrag. Vinnan við verkefnið á nýafstöðnu skólári hefur vakið áhuga innan skólans sem verður eflur enn frekar á næsta skólaári. *Sjá meðfylgjandi glærur.*

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum. Verkefnið mun halda áfram á næsta skólaári. Þegar hefur verið gerð áætlun um það hvernig það verður gert og um innleiðingarferlið. Verkefnið verður kynnt á fundum með starfsfólki, nemendum og foreldrum. Einnig er fyrirhugað að kynna verkefnið á vettvangi framhaldsskólanna þegar það verður lengra komið. *Sjá meðfylgjandi glærur.*

Reykjavík 20. júní 2019

Ester Bergsteinsdóttir, verkefnisstjóri

Hjalti Jón Sveinsson, skólameistari